

Jafnlaunastefna Regins hf.

Reginn hf. („Reginn“ eða „félagið“) hefur sett sér eftirfarandi jafnlaunastefnu í samræmi við réttindi og skyldur samkvæmt ákvæðum laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, sbr. síðari breytingar, auk annarra laga og reglugerða sem settar eru á sama grundvelli. Auk þess byggir stefnan á jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Jafnlaunastefna þessi er hluti af starfskjarastefnu félagsins.

Markmið með stefnunni er að tryggja jafnræði við ákvörðun launa og sjá til þess að allir starfsmenn njóti jafna kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með jöfnum kjörum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Viðmið við ákvörðun launa mega ekki fela í sér kynjamismun.

Starfandi hjá félaginu er jafnréttisfulltrúi. Fulltrúanum er falið, í umboði forstjóra, að innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi félagsins, þ.m.t. hafa eftirfylgni með viðeigandi aðgerðum og bregðast við athugasemdum og frávikum.

Reginn hefur tileinkað sér öguð og fagleg vinnubrögð við launasetningu. Við ákvörðun launa og fríðinda hjá félaginu er m.a. litið til ákvæða fyrrnefndra laga. Félagið hlaut jafnlaunavottun á árinu 2021 auk staðfestingar á jafnréttisáætlun frá Jafnréttisstofu. Framangreint staðfestir að hjá félaginu sé launakerfi sem tryggi að ákvarðanir í launamálum feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Forstjóri, eða eftir atvikum framkvæmdastjóri og/eða jafnréttisfulltrúi, bera ábyrgð á því að jafnlaunastefnu þessari sé framfylgt og skulu bregðast við óútskýrðum launamun komi upp slík tilvik. Niðurstöður árlegrar launagreiningar skal kynna fyrir starfsfólki. Sé þörf á úrbótum skal jafnréttisfulltrúi leggja fram tillögur að úrbótum. Forstjóri skal yfirfara tillögur að úrbótum og samþykkja viðeigandi aðgerðir sem hann telur líklegar til að ná fram markmiðum eða úrbótum.

Jafnlaunastefnan skal samþykkt af stjórn félagsins og tekin til endurskoðunar ár hvert.

Þannig staðfest af stjórn Regins hf. þann 5. apríl 2022

Benedikt Olgeirsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Tómas Kristjánsson

